


## Hæfnigreiningar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Hlutverk aðila sem að greiningunni koma.



Á myndinni sést ferlið sem unnið er eftir.  
Ítarlegri kynningu á aðferðinni má finna [hér](#).

### Hverjir eru hagsmunaaðilar

Skilgreining hagsmunaaðila er ekki alltaf augljós. Í starfsumhverfi FA eru fulltrúar bæði **stjórnenda** (samtök vinnuveitenda og/eða einstök félög) og **starfsmanna** (stéttarfélög og/eða samtök þeirra) í viðkomandi starfsgrein með í ráðum frá upphafi. Oft eru upptök verkefnis hjá einhverjum þessara aðila (verkkaupi). Aðrir hagsmunaaðilar geta verið mikilvægir þátttakendur í stýrihópi en það þarf að meta eftir eðli verkefnisins. Þar getur verið um að ræða fræðsluaðila, fræðslusjóði, fagfélög, starfsgreinaráð o.fl.

### Um yfirlýsingu til Menntamálastofnunar

Ef niðurstöðurnar eru hugsaðar sem grunnur að námskrá þarf að taka tillit til krafna Menntamálastofnunar um aðkomu atvinnulífsins en ætlast er til að fulltrúar greinarinnar undirriti eyðublað frá stofnuninni<sup>1</sup>. Í þessu ferli er gert ráð fyrir að aðilar stýrihóps undirriti.

<sup>1</sup> Um er að ræða eyðublað sem hefur yfirskriftina: „Yfirlýsing samstarfsaðila úr atvinnulífinu vegna námskrár í framhaldsfræðslu“.

## Stýrihópur

Auk umsjónarmanns þá eru í stýrihópi ýmsir fulltrúar hagsmunaaðila. Þeir eru valdir út frá þekkingu þeirra á umræddu starfi og þekkingu á sjónarmiðum skjólstæðinga/umbjóðenda sinna á viðfangsefninu. Þeir verða að vera færir um að koma á tengslum við þá sem taka þátt í greiningarfundunum.

Best hefur reynst að hafa stýrihópin ekki of stórir (5-6) en kalla má til aðra hagsmunaaðila til samtals ef mikilvægt er að hafa víðtækt samráð í undirbúningi. Breið þátttaka hagsmunaaðila í undirbúningi verkefnisins getur verið mikilvæg til að skapa sátt um verkefni og auka líkur á því að niðurstöðunni verði treyst.

Gert er ráð fyrir að þeir sem eru í stýrihópi taki þátt í greiningarfundunum ásamt þeim þátttakendum sem valdir eru til viðbótar.

Stýrihópur þarf að:

- Skilgreina markmið og tilgang verkefnis.
- Setja fram fyrstu skilgreiningu á því hvaða starf og starfsheiti er unnið með.
- Ræða hvaða aðila er mikilvægt að hafa með í greiningarvinnunni og hvernig eigi að nálgast þá. Fulltrúar frá atvinnulífinu í stýrihópi velja og boða þátttakendur á greiningarfundi.
- Safna saman tiltækum upplýsingum um starfið, t.d. starfslýsingum frá fyrirtækjum.
- Safna saman upplýsingum um starfsgreinina, t.d. stefnumótun, framtíðarsýn, rannsóknnum, skilgreiningum álíka starfa í öðrum löndum eða tengdum námstilboðum.
- Kynna sér hvort og þá hvaða lög eða reglugerðir geti átt við um starfið og þá sem sinna því.
- Fara yfir hefðbundið skipulag greiningarfunda og taka afstöðu til þess hvort breyta þarf út af.
- Ræða tímasetningar greiningarfunda, staðsetningu og veitingar.
- Ræða hvernig haga skuli hópaskiptingu í greiningarvinnunni.
- Velja þá hæfnipætti sem notaðir eru í greiningarvinnunni í samráði við FA.
- Gera ráðstafanir til að við að sér gögnum til að nota á fundunum (m.a. spjöldin).

## Þátttakendur á greiningarfundum

Stýrihópsmeðlimir velja væntanlega þátttakendur á greiningarfundina samkvæmt leiðbeiningum frá umsjónarmanni og kynna verkefnið fyrir þeim. Umsjónarmaður lætur í té kynningarefni<sup>2</sup> sem má t.d. nota í tölvupósti. **Þátttakendur í greiningarvinnunni þurfa að koma bæði úr hópi stjórnenda og starfsmanna** auk þess sem aðrir aðilar eru kallaðir til allt eftir eðli verkefnisins. Huga þarf að mismunandi sjónarmiðum eins og hægt er, t.d. stór og lítil fyrirtæki, landsbyggð og höfuðborgarsvæðið og tegund starfsemi ef það á við. Gott er að hafa einstaklinga sem hafa víða sýn á viðkomandi starfsgrein, tengsl hennar við aðrar greinar og þekkja framtíðarsýnina. Þátttakendur taka þátt í þeim þremur fundum sem kallast greiningarfundir. Miðað er við að þátttakendur í greiningarvinnunni séu 10 til 20. Stefnt skal að 20 manna hópi en lágmarkið er 10. **Mikilvægt er að sömu aðilar taki þátt í öllum þremur greiningarfundunum.** Ekki hefur tíðkast að greiða fyrir þátttöku á greiningarfundum.

---

<sup>2</sup> T.d. fyrsta kaflann úr kynningarefninu sjá [hér](#): „Aðferð FA við greiningu á hæfnikröfum starfa“.